# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 8

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

11.0
1911

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leggja til að bæjarverkfr.

Erindi um merkjasetning
fyrir Árbæjar-landi —
til bæjarstjórnar Reykjavíkurkaupstaðar.

Fyrir nokkrum árum ritaði eg bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar og fór þess á leit, að hún fyrir bæjarins hönd, sem eiganda jarðarinnar Árbæjar í Mosfs., léti af sinni hálfu móts við mig vinna að því, að gjöra glögg merki milli nefndrar jarðar og eignarjarðar minnar, Grafar í sömu sveit, og viðhalda þeim, samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882. 1.–2. gr.

Svar við þessu hefi eg enn eigi fengið frá h. h. bæjarstjórn, og því síður að verki þetta hafi framkvæmt verið.

Nú leyfi eg mér enn á ný að snúa mér til h. h. bæjarstjórnar með kröfu um, að hún láti vinna að merkjasetning þessari, og það nú á komandi vori svo fljótt sem snjóa leysir; en það vona eg að verði í næsta mánuði (apríl).

Verkið, sem gjöra þarf, er þetta:

1. að finna beina línu milli árinnar Bugðu við suðurenda Markgrófar — og suðurenda Lillamannagarðs við Grafarvog, sem er umsamin merkalína milli jarðanna; landið er öldótt og margar hæðir fela sýn frá einum enda línunnar til annars, og vegarlengdin er c. 4 km.
2. að varða línu þessa svo auðsén sé hvar sem maður er staddur á henni.

Þess vænti eg að málaleitan þessari verði nú greiðlega sinnt, og mér gjört aðvart um, hverjum bæjarstjórnin felur að vinna verkið með mér.

Grafarholti (= Gröf), 15. marz 1911.

Björn Bjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landamerkjalínan milli Árbæjar- og Grafarlands er bein lína úr Síldarmannagarði í Grafarvog í Markgraf. Þessi lína er útmæld 18 maí 1911.

Benedikt Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur